



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Gróðurfar og fuglalíf í fjallinu ofan við Neskaupstað

- Tröllagiljasvæði

Guðrún Áslaug Jónsdóttir
Halldór Walter Stefánsson
Skarphéðinn Guðmundur Þórisson

Unnið fyrir Fjarðabyggð

NA-030053
Neskaupstaður
Október 2003

Inngangur	2
Gagnasöfnun	2
Gróður.....	2
Fuglar	2
Niðurstöður.....	2
Gróðurlendi	2
Varnargarða- og keilusvæði, neðra svæði.....	2
Svæði upptakastöðvirkja, efra svæði.....	3
Tegundir plantna	3
Fuglar	3
Umræða.....	4
Gróður.....	4
Fuglar	5
Þakkarorð	5
Heimildir.....	5
Tegundalisti	6
Gróðurkort.....	9

Inngangur

Að beiðni verkfræðistofunnar Hönnunar hf. var gerð athugun á gróðri og fuglalífi á svæði fyrirhugaðra snjóflóðavarna á Tröllagiljasvæði ofan Neskaupstaðar í Norðfirði. Í þessari skýrslu er gróðri og fuglalífi lýst, gerð grein fyrir helstu gróðurlendum og algengustu tegundum plantna. Einnig er gerð grein fyrir hvort gróðurlendi teljist sérstæð, eða sérstaklega verðmæt og hvort fundist hafi sjaldgæfar tegundir plantna eða fugla á svæðunum. Skýrsla þessi byggir á vettvangsathugun frá júní, júlí og september 2003 og eldri gögnum (Guðrún Á. Jónsdóttir 1998, Halldór W. Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson 1998).

Gagnasöfnun

Gróður

Rannsóknasvæðið er fjallið fyrir ofan byggðina í Neskaupstað, u.þ.b. frá Tungulæk að utan og inn fyrir Hlauplæk innan við íbúðabyggðina við Urðarteig. Gróðurskoðun árið 2003 var gerð á 2 svæðum. Annars vegar neðra svæði sem er neðan við u.þ.b. 150-200 m h.y.s þar sem áætlað er að varnargarðar og keilur verði og hins vegar efra svæði í um 500 – 700 m h.y.s. við Ytra og Innra Tröllagil þar sem fyrirhugað er að upptakastoðvirki verði staðsett (Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen 2003). Á efra svæðinu var einkum skoðað í gil og gróðurbolla. Gróður var skoðaður 23. júlí og 15. september 2003 í góðu veðri og við góðar aðstæður. Við gróðurskoðun var gengið um svæðin, skráðar plöntutegundir og almennar lýsingar á gróðurfari.

Neðra svæðið hefur áður verið gróðurkortlagt og var það gert um leið og svæðið neðan Drangaskarðs var kortlagt árið 1997 og einnig var þá skráð lýsing á gróðri á hluta svæðisins (Guðrún Á. Jónsdóttir 1998). Gróðurkortlagningin 1997 náði yfir svæði sem nær frá gördum efstu húsa í bænum og upp í megin hamrabelti fjallsins í um 400 m. h.y.s. Gróðurkortlagningin frá 1997 er notuð í þessari skýrslu en kortið var endurgert til að gera það læsilegra (sjá gróðurkort bls. 8).

Fuglar

Þann 15. júlí 2003 voru fuglar kannaðir á neðra rannsóknasvæðinu þ.e. á því svæði sem á að reisa varnargarða og keilur, neðan við u.þ.b. 200 m h.y.s. Í júní 1997 var sambærileg athugun gerð vegna fyrirhugaðra snjóflóðamannvirkja undir Drangagili (Halldór W. Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson 1998).

Við vettvangsathugun voru skráðar allar fuglategundir á svæðinu auk þess sem tvö 1000 m löng og 400 m breið snið voru tekin í gegnum svæðið. Snið 1 var langs eftir svæðinu í um 80 m h.y.s. (á milli punktanna: 65.150.22°N / 13.71.477°V og 65.15102°N / 13.69352°V) Snið 2 var V-laga þar sem oddurinn var í tæplega 200 m h.y.s. en endarnir í 109 og 136 m h.y.s. (frá 65.15201°N / 13.69270°V í 65.15378°N / 13.70255°V og niður í 65.15230°N / 13.71263°V)

Niðurstöður

Gróðurlendi

Varnargarða- og keilusvæði, neðra svæði

Á neðsta hluta svæðisins þar sem halli er lítill er graslendi algengt en þó eru nokkrir blettir af mýragóðri og hálfdeigjum. Í mýrum eru t.d. tegundir eins og klófífa og mýrastör og á

jaðarsvæðum eða hálfdeigjum er hrossanál, elftingar og fleiri tegundir. Gróðurþekja er að mestu samfelld á þessu svæði og gróska töluverð. Á nokkrum stöðum eru ummerki um einhverskonar rask, gamla matjurtagarða eða annað. Á þessu svæði er mikið um trjárækt en á flestum svæðunum eru trén enn lítil.

Þegar ofar dregur og hallinn eykst verður meira um móa- og mosagróður, skiptast þar á spildur með graslendi, blönduðu lyngi, lyngmóar og hryggir með mosagróðri og lyngi. Á svæðum sem eru áveðurs eru beitleyng og krækilyng mest áberandi lyngtegundir en þar sem skýlla er t.d. í dældum ber mikið á aðalbláberjalyngi. Gróðurþekja er einnig að mestu samfelld á þessu móasvæði. Við efri mörk þess svæðis sem gera má ráð fyrir að raskist vegna varnargarða og keilusvæðis er meiri halli og þar eru skriðurunnir lyngmóar með lágvöxnu birki mest áberandi.

Svæði upptakastoðvirkja, efra svæði

Mikill hluti þess svæðis þar sem fyrirhugað er að upptakastoðvirki rísi er lítið grónir klettur og skriður. Á milli kletta og skriða í dældum og giljum eru þó vel grónir blettir. Þar eru lyng- og blómdældir en mosagróður þar sem er væta. Í dældum ber mest á aðalbláberjalyngi, bláberjalyngi og auk þess má þar sjá grös, gulvíði, grávíði og grasvíði, maríustakk og fleiri blómplöntur. Gróska er talsverð í skjólsælum bollum.

Tegundir plantna

Tegundafjölbreytni er allmikil á svæðunum og vaxa þar margar einkennistegundir Austurlands og ýmsar tegundir sem bundnar eru við snjóþung svæði. Alls fundust um 120 tegundir villtra háplantna á rannsóknasvæðunum við gróðurskoðun sumarið 2003. Gera má ráð fyrir að á öllu svæðinu ofan byggðar við Urðarteig og upp á fjallsbrún séu eitthvað fleiri tegundir, þar sem ekki var leitað eftir tegundum í gljúfrum eða klettabeltum sem ekki raskast við framkvæmdir.

Nokkrar af þeim háplöntutegundum sem fundust eru fremur sjaldgæfar eða hafa takmarkaða útbreiðslu á landsvísu. Þessar tegundir eru: Bláklukka, bergsteinbrjótur, gullsteinbrjótur, hagastör, maríuvöttur, skjaldburkni og villilín. Bláklukka, gullsteinbrjótur, maríuvöttur og villilín eru nokkuð algengar víða um Austurland en sjaldgæfar í öðrum landshlutum. Þessar tegundir vaxa víða á rannsóknarsvæðinu og annarsstaðar í Norðfirði. Skjaldburkni finnst á svæði upptakastoðvirkja undir klettum og í giljum á nokkrum stöðum. Hann er tegund sem bundin er við snjóþung svæði á landinu og finnst allvíða í Norðfirði. Tegundir sem eru fremur fágætar á landsvísu en finnast þó á stöku stað hér og þar um landið eru hagastör og bergsteinbrjótur. Báðar finnast á víð og dreif um rannsóknarsvæðið en einnig víðar í Norðfirði.

EKKI fundust á svæðinu tegundir sem eru friðlýstar eða hafa verið settar á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996), hvorki við gróðurathugun sumarið 2003 né í eldri skráningum (Guðrún Á. Jónsdóttir 1998, Náttúrufræðistofnun Íslands 1997).

Fuglar

Athugunarsvæðið er ágætlega gróið og þar er nokkuð fjölbreytt gróðurfar. Þótt búið sé að planta einhverjum trjám á svæðinu eru þau lítil ennþá og áhrifa þeirra líklega lítið eða ekki farið að gæta á fuglalíf. Eftirfarandi tegundir fugla sáuð við vettvangsathugun í júní 2003:

Heiðlóa (*Pluvialis apricaria*): Aðeins ein heiðlóa sást á sniði og var hún varpleg. Öruggt má telja að tegundin verpi á svæðinu. Gögnin bjóða ekki upp á að hægt sé að meta þéttleika hennar.

Hrossagaukur (*Gallinago gallinago*): Hrossagaukar voru áberandi á svæðinu og hneggjuðu flestir. Fullyrða má að þeir verpi á svæðinu. Þéttleiki þeirra reiknað út frá sniðum voru 10 fuglar á km² (1. tafla) sem sýnir eflaust fjölda varppara. Til samanburðar má geta þess að meðalþéttleiki varppara í ýmsum gróðurlendum á Úthéraði var 6,9 en fór hæst í 10,9 í votlendisvist (Guðmundur A. Guðmundsson ofl. 2001).

Þúfutittlingur (*Anthus pratensis*): Algengur einkum á neðra sniðinu. Fugl sást með æti og einnig nýfleygur ungi svo víst er að hann verpir á svæðinu. Samkvæmt sniðtalinum voru 34 fuglar á km² en óvíst hve fjöldi varppara var. Aðeins einn fugl var syngjandi.

Steindepill (*Oenanthe oenanthe*): Líklegt er að steindepill verpi í fjallinu ofan Neskaupstaðar en í sniðtalinu sást aðeins einn fugl. Ekki varð vart við tegundina í athugunum 1997 (Halldór W. Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson 1998).

Skógarþröstur (*Turdus iliacus*): Algengasta tegundin á svæðinu er skógarþröstur og verpur víða. Sex nýfleygir ungar sáu á sniðum en eitthvað af þeim gat verið komið frá aðliggjandi trjásvæðum svo og hluti þeirra fugla sem sáu á tína æti. Reiknað út frá sniðunum var heildarfjöldi fugla á km² um 100 fuglar en eins og fyrr segir er hluti þeirra líklega frá aðliggjandi svæðum.

1. tafla. Niðurstöður talninga á samanlögðum tveimur sniðum á fyrirhuguðu snjóflóðavarnarsvæði þann 15. júlí 2003. Aðstoð við útreikninga veitti Ólafur K. Nielsen á Náttúrufræðistofnun Íslands og byggjast þeir á Bibby ofl. 1992.

	<25 m	<50 m	>50 m	Fj. á km ²
Heiðlóa	1			
Hrossagaukur	2		10	10*
Þúfutittlingur	3	4		34**
Steindepill			1	
Skógarþröstur	10	4		101**

*miðað við 50 m innra belti

**miðað við 25 m innra belti

Umræða

Gróður

Gróður á rannsóknarsvæðunum er nokkuð gróskumikill og ber þess merki að landið hefur verið friðað fyrir beit um árabil. Á neðra svæðinu er lynggróður áberandi en þar er einnig töluvert graslendi, votlendisblettir og skógur. Ofar í hlíðinni er lyng og birkikjarr ríkjandi en á milli skriður og klettar. Gil og skorningar skerast upp gegnum fjallshlíðina, sum vel gróin aðalbláberjalyngi, bláberjalyngi, snjóðalda- og blómgróðri en önnur bera merki um að þar hafi fallið aurskriður og eru minna gróin. Þar sem skýlt er t.d. í giljum og bollum er víða ríkulegur blómgróður. Berjaland er víða í giljum og bollum á neðra svæðinu.

Ekki fundust sjaldgæf gróðurlendi, friðlýstar plöntutegundir eða tegundir á valista á rannsóknarsvæðinu. Verðmæti gróðurs á rannsóknarsvæðinu felst einkum í fjölbreytni tegunda og talsverðri grósku á köflum. Einnig er gróðurþekja nokkuð samfelld á neðsta hluta svæðisins en vel gróið land verður að teljast verðmætt á landi eins og Íslandi þar sem

gróðurþekja er svo slitrótt sem raun ber vitni. Svæðið og gróðurlendin þar hafa örugglega talsvert gildi fyrir fólkið í bænum sem vant er að ganga um það og njóta fjölbreytni gróðurs og tína ber. Þá er skógrækt talsverð á svæðinu.

Fuglar

Algengustu tegundirnar á svæðinu eru þær sömu og voru á ytra svæðinu árið 1997 (Halldór W. Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson 1998) þ.e. skógarþröstur, þúfutittlingur og hrossagaukur og kemur það ekki á óvart. Engar sjaldgæfar tegundir verpa á svæðinu né tegundir á Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2000) né er hér að finna alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (Ólafur Einarsson 2000). Í athugunum á svæðinu neðan Drangaskarðs 1997 sáuust mun fleiri tegundir en nú. Að hluta skýrist það af skógræktinni sem þar er og hins vegar því að athuginin nú var nokkuð seint á ferðinni.

Þakkarorð

Ólafi K. Nielsen á Náttúrufræðistofnun Íslands er þakkað fyrir aðstoð við útreikninga á þéttleika fugla á grundvelli sniðtalninga.

Heimildir

- Bibby, C.J., Burgess, N.D. & Hill, D.A. 1992. *Bird Census Techniques*. Academic Press.
- Guðmundur A. Guðmundsson, Guðmundur Guðjónsson, Sigurður H. Magnússon, Kristbjörn Egilsson, Halldór Walter Stefánsson og Kristinn H. Skarphéðinsson 2001. *Kárahnjúkavirkjun. Áhrif breytinga á vatnafari Jökulsár á Dal og Lagarfljóts á gróður, fugla og seli*. Unnið fyrir Landsvirkjun (LV-2001/022).
- Guðrún Á. Jónsdóttir 1998. *Gróður í fjallinu ofan við Neskaupstað*. Náttúrustofa Austurlands. Skýrsla NA-5. Neskaupstað.
- Halldór W. Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson 1998. *Fuglalíf ofan byggðar í Neskaupstað 1997*. Skýrsla unnin fyrir Neskaupstað. Skýrsla NA-4. 7 bls.
- Hörður Kristinsson 1986. *Plöntubandbókin. Blómplöntur og byrkningar*. Íslensk náttúra II. Örn og Örlygur, Reykjavík.
- Loftmyndir ehf. 1989. Loftmynd af fjallinu ofan við Neskaupstað. Loftmynd í eigu Fjarðabyggðar.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. *Válisti 1. Plöntur*. Reykjavík.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1997. Gagnagrunnur um útbreiðslu plantna. Gögn frá 1997. Óbirt
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. *Válisti 2. Fuglar*. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík.
- Ólafur Einarsson 2000. IBAs in Iceland. Í: M.F.Heath and M.I.Evans (ritstj.). *Important Bird Areas in Europe: Priority sites for conservation*. (Um Ísland í ; Skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði í Evrópu): 341-363. Birdlife International, Cambridge.
- Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen 2003. *Snjóflóðavarnir Neskaupstað*. Tröllagil. Varnargarðar, keilur og stoðvirki – tillaga. Óbirt.

Tegundalisti

Háplöntutegundir sem fundust við gróðurskoðun sumarið 2003 á og við svæði sem fyrirhuguð snjóflóðamannvirki munu raska við Tröllagiljasvæðið ofan Neskaupstaðar. Nafngiftir skv. Herði Kristinssyni (1986).

Íslenskt heiti	Latneskt heiti
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Barnarót	<i>Coeloglossum viride</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>
Bergsteinbrjótur	<i>Saxifraga paniculata</i>
Birki	<i>Betula pubescens</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>
Bláklukka	<i>Campanula rotundifolia</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Blómsef	<i>Juncus triglumis</i>
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>
Broddstör	<i>Carex microglochin</i>
Bugðupuntur	<i>Deschampsia flexuosa</i>
Eski	<i>Equisetum hyemale</i>
Finnungur	<i>Nardus stricta</i>
Fjalladepla	<i>Veronica alpina</i>
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>
Fjallasmári	<i>Sibbaldia procumbens</i>
Fjallastör	<i>Carex norvegica</i>
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>
Fjalldalafífill	<i>Geum rivale</i>
Fjandafæla	<i>Omalotheca norvegica</i>
Flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>
Geithvönn	<i>Angelica sylvestris</i>
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>
Grámulla	<i>Omalotheca supina</i>
Grávíðir	<i>Salix callicarpea</i>
Grænvöndur	<i>Gentianella amarella</i>
Gullstör	<i>Carex serotina</i>
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>
Hagastör	<i>Carex pulicaris</i>
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>
Hárleggjastör	<i>Carex capillaris</i>
Heiðadúnurt	<i>Epilobium hornemanni</i>

Íslenskt heiti	Latneskt heiti
Hjónagras	<i>Pseudorchis albida</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Holurt	<i>Silene uniflora</i>
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymanii</i>
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>
Hrútaber	<i>Rubus saxatilis</i>
Hundasúra	<i>Rumex acetosella</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Hvítsmári	<i>Trifolium repens</i>
Hvönn	<i>Angelica archangelica</i>
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Ígulstör	<i>Carex echinata</i>
Ísandsfífill	<i>Hieracium islandicum</i>
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>
Kattartunga	<i>Plantago maritima</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Klófífa	<i>Eriophorum angustifolium</i>
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Kræklurót	<i>Corallorhiza trifida</i>
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>
Langkrækill	<i>Sagina saginoides</i>
Liðfætla	<i>Woodsia ilvensis</i>
Lindadúnurt	<i>Epilobium alsinifolium</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Ljósadúnurt	<i>Epilobium lactiflorum</i>
Ljósberi	<i>Lychnis alpina</i>
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>
Lækjadepla	<i>Veronica serpyllifolia</i>
Mariústakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>
Mariúvöndur	<i>Gentianella campestris</i>
Mariúvöttur	<i>Alchemilla faeroensis</i>
Melskriðnablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i>
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>
Mosasteinbrjótur	<i>Saxifraga hypnoides</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>
Mýrasef	<i>Juncus alpinus</i>
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>
Mýrfjóla	<i>Viola palustris</i>
Naflagras	<i>Koenigia islandica</i>
Njóli	<i>Rumex longifolius</i>
Ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>

Íslenskt heiti

Reyniviður
Sauðamergur
Skammkrækill
Skarífífill
Skjaldburkni
Skriðlingresi
Skriðnablóm
Smjörgras
Snarrótarpuntur
Sortulyng
Steindepla
Stinnastör
Stjörnusteinbrjótur
Sýkigras
Tágamura
Títulíngresi
Tófugras
Tungljurt
Túnfífill
Túnvingull
Týsfjóla
Undafífill
Vallarsveifgras
Vallelfting
Vallhumall
Vallhæra
Vegarfi
Villilín
Þúfusteinbrjótur

Latneskt heiti

Sorbus aucuparia
Loiseleuria procumbens
Sagina procumbens
Leontodon autumnalis
Polystichum longchitis
Agrostis stolonifera
Arabis alpina
Bartsia alpina
Deschampsia caespitosa
Arctostaphylos uva-ursi
Veronica fruticans
Carex bigelowii
Saxifraga stellaris
Tofieldia pusilla
Potentilla anserina
Agrostis vernalis
Cystopteris fragilis
Botrychium lunaria
Taraxacum spp.
Festuca richardsonii
Viola canina
Hieracium spp
Poa pratensis
Equisetum pratense
Achillea millefolium
Luzula multiflora
Cerastium fontanum
Linum catharticum
Saxifraga caespitosa

Gróðurfar í fjallinu ofan við Neskaupstað

SKÝRINGAR:

Mosagróður:

- A4 - Mosi með smárunnum
- A5 - Mosi með grösum
- A8 - Mosi með grösum og smárunnum

Lyngmóar:

- B4 - Beitilyng, krækilyng, bláberjalyng
- B7 - Bláberjalyng, aðalbláberjalyng, krækilyng, beitilyng.

Náttúrulegt birki:

- # - Slitrótt birkikjarr, stakir runnar

Graslandi:

- H1 - Gras
- H3 - Gras með smárunnum

Ræktaður skógur og runnar:

- S3 - Barrskógur
- * - Ungar trjáplöntur, skjólbelti

Hálfdeigja:

- T2 - Hrossanál, starir, grös
- T5 - Broddastör, víðir, starir
- T9 - Hrossanál, vingull

Mýri:

- U4 - Klófífa, mýrarstör

Gróðurþekja:

- x - 2/3 gróið land
- z - 1/2 gróið land
- þ - 1/3 gróið land

Grjót á yfirborði lands:

- a - Talsvert grýtt
- b - Mikið grýtt
- k - Klettur

Raskað land:

- g - Garðlönd
- r - Raskað land
- N - Efnisnámur



Löftmynd:
Löftmyndir ehf. 1998.
Mynd í eigu Fjarðabyggðar

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Mýrargötu 10 740 Fjarðabyggð Sími 477-1774 Fax 477-1923 Netfang: na@na.is
Miðvangi 2 700 Egilsstaðir Sími 471-2813 Netfang na@na.is